

Þorsteinn Roy Jóhannsson

Garðabær, föstudagur, 5. september 2025

202508-0016/Á.G.

10.10

Efni: Umsókn um viðburð - Íþróttamót - Skaftafell (2026)

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Þorsteinn Roy Jóhannsson, dagsett 8.8.2025, um leyfi vegna Örafahlaupsins innan Vatnajökulspjóðgarðs nánar til tekið í Skaftafelli.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#).

Samkvæmt 14. gr. laganna er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi og menningarminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

Skv 15. gr. a. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tímabundið einstökum svæðum þjóðgarðsins ef það er nauðsynlegt vegna viðburða eða verkefna sem veitt hefur verið leyfi fyrir.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til þess að halda hlaup í Skaftafelli sumarið 2026 fyrir allt að 250 manns. hlaupaleiðin um Skaftafellsheiði og Morsárdal nær upp í 1126m hæð á Kristínartindum. Hlaupið mun byrja og enda við á flötinni fyrir aftan þjónustuhúsin í Skaftafelli. Þar verður sett upp rásmark og tímatökubúnaður. Brautin verður merkt með veifum og borðum og starfsmenn á lykilstöðum. Dyrrkjarstað verður við Sjónarsker. Gerð er krafa um að hlauparar taki með sér fjölnota drykkjarmál og skilji ekkert rusl eftir í brautinni. Ráðgert er að halda hlaupið 27.júní, ræsing kl 13:00 og það taki allt að 5 klukkutíma fyrir hægustu hlauparanna. Viðburðinum fylgja 6-10 sjálfboðaliðar sem munu meðal annars fara yfir brautina að hlaupi loknu og fjarlægja merkingar og tína upp rusl ef eitthvað er.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur svo að ólíklegt sé, miðað við úttekt landvarða fyrir og eftir hlaupið 2025, að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi og gróðurvernd svæðisins.

Niðurstaða og Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Þorsteinn Roy Jóhannsson fyrir sitt leyti leyfi fyrir Örafahlaupinu 2026 innan Vatnajökulsþjóðgarðs, nánar til tekið í Skaftafelli, sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef Stjórnendur viðburðarins skili til Náttúruverndarstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig þátttakendum og starfsmönnum er komið á staðinn og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- A.m.k. 3 dögum áður en keppnin hefst skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins/keppnisleiðar þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup/keppnishald.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í hlaupinu verði ekki meiri en 250 manns.
- Stjórnendur hlaupsins gefi sig fram við landverði svæðisins og upplýsi þá um hvenær undirbúningur á svæðinu hefst og hvenær frágangi er lokið.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði í samráði við landverði.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er þar sem drykkjarstöðvar eru staðsettar eða á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556 6800.
- Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri í Skaftafelli.
- Auglýsa skal hlaupið vel og upplýsa aðra gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða í Skaftafelli á meðan á hlaupinu stendur.
- Gönguleiðin um heiðina er lokið hluta úr ári vegna aurbleytu og gróðurverndar og misjafnt hvenær hún opnar í maí/júní. Sé hlaupaleiðin opin á þessum tíma getur Örafahlaupið farið fram.
- Náttúruverndarstofnun óskar eftir undirbúningssamtali með mótshöldurum þegar nær dregur til þess að allt geti farið fram eins og best er á kostið t.d. hvað varðar aðgang að rafmagni, ruslatunnur o.fl.

- Náttúruverndarstofnun mun taka út gönguleiðin daginn fyrir og daginn eftir hlaup til þess að meta ástand hennar.
- **Náttúruverndarstofnun vill áskila sér rétt til þess að útfæra með mótshöldurum hvar verði óheimilt að taka fram úr á leiðinni bæði vegna ástands og öryggis fyrir hlaupið 2026.**
- Þátttakendum er óheimilt að neyta hlaupagels á meðan hlaupinu stendur nema það sé í brúsum til þess að koma í veg fyrir að rusl falli til.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjöld vegna leyfisveitinga og samninga skv. 2. mgr. 21. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007. Gjöldin eru innheimt samkvæmt reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu nr. 324/2025. Gjald fyrir útgáfu leyfa er **50.000 kr.** sbr. gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs nr. 324/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsfólki frá Náttúruverndarstofnun.

Hrafnhildur Ævarsdóttir
þjóðgarðsvörður

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur